

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-76/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 22. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rúmi, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst úrbóta eða riftunar.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 30. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. október. Með bréfi, dags. 16. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 30. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. mars, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 11. september 2006 keypti álitsbeiðandi rúm af seljanda fyrir kr. 203.300. Var um að ræða rúmdýnu af gerðinni Hensen King CFPT PP, rúmbotn af gerðinni Hensen Txl CF ásamt stálramma. Um 3 árum eftir kaupin var rúmið farið að láta verulega á sjá og dýnan með djúpum dældum. Var haft samband við seljanda og honum tilkynnt um dældirnar. Skoðaði seljandi dældirnar en taldi dýnuna ekki gallaða á þeim tímamarki. Haustið 2011 hafði álitsbeiðandi aftur samband við seljanda, sem mældi dýnuna aftur og taldi hana í það skiptið ónýta. Fékk álitsbeiðandi afhenta nýja dýnu sér að kostnaðarlausu, framleidda af sama aðila og fyrri dýnan. Segir álitsbeiðandi að starfsmaður seljanda hafi tjáð sér við afhendinguna að mögulegt væri að eins færi fyrir hinni nýju dýnu og þeirri gömlu, en ef svo væri myndi það koma í ljós innan tveggja ára. Rúmu ári eftir afhendingu var dýnan orðin jafn dælduð og fyrri dýnan, auk þess að vera skökk á hlið. Var haft samband við seljanda aftur og taldi hann seinni dýnuna einnig ónýta. Hins vegar taldi seljandi að honum bæri ekki skylda til að bæta síðari dýnuna þar sem komið væri út fyrir ábyrgðarskilmála hans. Bauðst seljandi þess í stað til að selja álitsbeiðanda nýja rúmdýnu, frá öðrum framleiðanda með 50% afslætti. Eftir þetta segir álitsbeiðandi að samskipti hans og seljanda hafi verið frekar stíð og lítið gengið að ná samkomulagi. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi láti sér í té sambærilega rúmdýnu og keypt var í upphafi, en ella að seljandi endurgreiði sér rúmdýnuna. Segir álitsbeiðandi og að seljandi hafi viðurkennt að seinni dýnan sem hann afhenti hafi verið ónýt.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kvittun fyrir kaupum á umræddri dýnu, dags. 11. september 2006.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er vísað til þess að í ábyrgðarskírteini framleiðanda rúmsins séu talin upp þau atriði sem teljist til galla. Eftir skoðun og mælingu á dýnu álitsbeiðanda er það mat seljanda að dýnan sé ekki haldin galla í skilningi ábyrgðarskilmálanna. Meðfylgjandi andsvörum er afrit af umræddum ábyrgðarskilmálum.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi dýnu af gerðinni Hensen King CFPT PP af seljanda ásamt rúmbotni og fylgihlutum hinn 11. september 2006 fyrir kr. 203.300.

Síðla árs 2011 afhenti seljanda nýja samskonar dýnu álitsbeiðanda að kostnaðarlausu í kjölfar þess að álitsbeiðandi kvartaði undan galla á dýnunni. Um ári síðar, væntanlega á haustdögum 2012, kvartaði álitsbeiðandi undan galla á dýnunni. Að sögn álitsbeiðanda taldi seljandi þá að dýnan væri haldin galla, en neitaði álitsbeiðanda um úrbætur á grundvelli þess að ábyrgð á dýnunni væri runnin út. Aðilar munu síðan hafa átt í einhverjum samskiptum en ekki náð sátt í málinu. Í andsvörum seljanda kemur síðan fram að hann telji dýnuna ekki haldna galla í skilningi eigin ábyrgðarskilmála. Gefur seljandi enga frekari skýringu á þeirri fullyrðingu sinni, en fullyrðingin stemmir ekki við fullyrðingar álitsbeiðanda um að seljandi hafi talið dýnuna gallaða og boðið álitsbeiðanda nýja dýnu til kaups með 50% afslætti, en það tilboð seljanda virðist eiga sér stoð í ábyrgðarskilmálum hans, en þar segir m.a. að á seldum dýnum sé 5 ára „svokölluð afskriftarábyrgð. Þ.e.a.s. að viðskiptavinurinn tekur þátt í kostnaði við endurnýjun á vörunni eftir notkun (sjá töflu hér fyrir neðan) ásamt kostnaði við flutning og umsýslu.“ Í töflunni er síðan kveðið á um ákveðinn afslátt í prósentum eftir því hve langt er liði frá kaupunum.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ljóst má heita að sú dýna er álitsbeiðandi keypti hinn 11. september 2006 var haldin galla í skilningi framangreindra ákvæða laga nr. 48/2003 um neytendakaup, enda afhenti seljandi álitsbeiðanda nýja dýnu álitsbeiðanda að kostnaðarlausu, í stað þeirrar gölluðu haustið 2011 og var sú afhending framkvæmd skv. ákvæðum 29. og 30. gr. sömu laga. Rétt er að taka fram að þegar ný vara er afhent í stað gallaðrar vöru í skilningi 29. gr. laganna byrjar nýr kvörtunarfrestur að líða skv. ákvæðum 27. gr. laganna. Skv. áðurnefndri 27. gr. geta neytendur kvartað undan galla á söluhlut innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í greininni, þ.e. eftir atvikum innan tveggja eða fimm ára. Eru umræddir frestir með öllu óháðir yfirlýsingum seljanda um ábyrgð í lengri eða skemmri tíma, með þeim skilyrðum sem seljendur setja í slíkum yfirlýsingum. Lög nr. 48/2003 eru, skv. 3. gr. laganna, ófrávikjanleg og geta ábyrgðaryfirlýsingar seljanda ekki haft nein áhrif á áðurnefnda tímafresti. Álitsbeiðandi kvartaði aftur undan galla á dýnunni um ári eftir hina nýju afhendingu og því innan tímamarka greinarinnar.

Sem fyrr greinir heldur álitsbeiðandi því fram að seljandi hafi viðurkennt að seinni dýnan væri einnig haldin galla en hins vegar neitað að afhenda álitsbeiðanda nýja dýnu nema gegn því að álitsbeiðandi greiddi 50% kaupverðs dýnnar á grundvelli þess að ábyrgð seljanda skv. eigin skilmálum væri liðinn. Seljandi hafnar því hins vegar nú, án nokkurra skýringa, að dýnan sé haldin galla í skilningi eigin skilmála. Eins og rakið var að framan skarast sú fullyrðing seljanda við að hann hafi engu að síður boðið álitsbeiðanda nýja dýnu til kaups með 50% afslætti, en það tilboð virðist eiga sér stoð í ábyrgðarskilmálum hans. Telur

kærunefndin því, eins og málum er hér háttað, að ganga verði út frá því að sú dýna er seljandi afhenti álitsbeiðanda haustið 2011 hafi einnig verið haldinn galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og að álitsbeiðandi hafi kvartað undan þeim galla innan frests skv. 27. gr. sömu laga.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi afhendi sér nýja dýnu, sbr. 29. og 30. gr. laganna, í stað þeirrar sem álitsbeiðandi keypti af seljanda 11. september 2006. Telur kærunefndin rétt að fallast á þá kröfu álitsbeiðanda. Er rétt að taka fram að ný afhending skal fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda og innan hæfilegs tíma. Að lokum vil kærunefndin benda á að ábyrgðarskilmála seljanda, er fylgdu andsvörum hans, eru að verulegu leyti í ósamræmi við ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup, en þau lög eru, eins og áður er tekið fram, ófrávíkjanleg. eru því þau ákvæði skilmála seljanda, sem veita neytendum minni rétt en lög nr. 48/2003 um neytendakaup, marklaus.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, nýja dýnu, samskonar þeirri dýnu og hann keypti af seljanda hinn 11. september 2006.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir